

Ertu með erlenda starfsmenn í vinnu?

Framtalsskil 2008

Þar sem margir launagreiðendur hafa leitað til ríkisskattstjóra til að afla upplýsinga um framtals- og skattskil erlendra starfsmanna sinna, viljum við koma á framfæri eftirfarandi:

Einfölduð útgáfa af skattframtölum og leiðbeiningar um útfyllingu fást nú á sjö erlendum tungumálum á **rsk.is/international**. Þessi einfalda útgáfa skattframtals er sérstaklega ætluð til að auðvelda þeim skattskil sem hafa komið hingað til lands til að starfa tímabundið á síðustu árum og hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Framtalsskil 2008

Þeir sem einungis hafa launatekjur og dvalið hafa á Íslandi skemur en þrjú ár, geta valið um þrjár leiðir við framtalsskil 2008, þ.e.:

- að skila einfaldri útgáfu skattframtalsins RSK 1.13, sú útgáfa er útfyllanleg á vefnum, en einungis hægt að skila á pappír
- að skila almennu skattframtali RSK 1.01, hvort heldur er á pappír eða á vefnum í gegnum þjónustusiðu á skattur.is.
- að skila RSK 1.10 sem er almenna skattframtalið á ensku, einungis hægt að skila á pappír

Önnur eyðublöð, svo sem fylgiskjöl skattframtals, eru enn sem komið er einungis til á íslensku.

Einfölduð útgáfa af framtali - RSK 1.13

Ef velja á einföldu útgáfuna af skattframtalinu, **RSK 1.13**, þá má sækja hana á ensku, rússnesku, spænsku, kínversku, þýsku, frönsku eða pólsku. Á baklið framtalsins eru leiðbeiningar um útfyllingu í einstaka reiti. Einfölduð útgáfa skattframtalsins er útfyllanleg á netinu, en hvorki er unnt að skila henni með rafrænum hætti né vista hana á tölvu, heldur þarf að prenta hana út og skila á pappír til skattstjóra.

Einfaldað skattframtal er ætlað fyrir einstaklinga sem dvalið hafa á Íslandi skemur en þrjú ár og einungis hafa haft launatekjur hér á

landi og eiga ekki aðrar eignir en bankainnstæður eða bifreiðar. Þeir sem eiga fasteignir, verðbréf eða hlutabréf þurfa að skila hefðbundnu skattframtali, RSK 1.01, og sama á við um hjón með börn á framfæri, þau geta heldur ekki skilað einfaldri útgáfu af skattframtali.

RSK Zaznania podatkowe | WYDANIE I PROSZCZENIE

Rok dochodowy 200

1. Otrzymałe wynagrodzenie i inne pobory zarobkowe z pracy

2. Definitywne na emerytalność, Długość, Dofinansowanie

3. Inne dochody

4. Potrącenia

5. Podatki do uiszczenia podatku od dochodów i podatki na cele lokalne

6. Podatek już opłacony

7. Oznaczenia podatku dla pracujących na statkach rybackich

8. Status na latach poprzednich



Filling out the form - instructions

Duration of stay in Iceland
Dvalartími á Íslandi

Date of arrival
Dagsetning komudags

Date of departure
Dagsetning loftflættedags

Salary and other employment related payments
Launataekjur og starfstenningar
greiðslur

Car allowance
Ókutækjastyrkur

Car benefits
Útfrelsbáhlunnindi

Per diem payments
Dagpeningar

Fringe benefits
Hlumindi

Other income
Aðrar tekjur

Reimbursed pension fund premiums
Endurgjælt lögjald úr
líffeyrisjóði

Deductions
Í ráðrættur

Deductible premiums to a pension fund
Frádrátturbætt lögjald í
líffeyrisjóði

Additional payments to a private pension fund
lögjald greitt í séreignarsjóð

Deduction of car allowance
Frádráttur vegna
ókutækjastyrks

Deduction of travel allowance
Frádráttur vegna dagpeninga

Tax base for income taxes
Stofn til útreiknings tekjuskatts
og útværs

Taxes withheld at source
Aldregin staðgreiðsla

Calculation of seaman's credit
Útreikningur á
sjómannaafslætti

**Seaman on boats 20 tons
brutto or over**
Sjómennska á skipum 20
brúttólestr eða stærri

**Seaman on boats under 20
tons brutto**
Sjómennska á skipum 20
brúttólestr eða minni

Seaman's salary
Laun vegna sjómennsku

Days at sea
Dagur á sjó

**Status/balance in savings
and bank accounts**
Innstæður í bankum og
sparisjóðum

Interest income
Væxtatekjur

Status
Ejrhæð innstæðu

Taxes withheld on interest
Staðgreiðsla af vöxtum

**With this signature the filer
verifies that all information
filed on the tax return is, to
the best of his or her
knowledge, correct**
Hér með staðfestist að
viðlegjum drengskap
að skýrsla þessi er gefin eftir
bestu vitund

Date/signature
Dagsetning/undirskrift

Telephone number
Símanúmer

Bank account
Bankareikningur

Bank/savings fund
Banki/sparisjóður

Branch/service
Útibú/afgreiðsla

Account type
Tegund reiknings

Account number
Reikningsnúmer

**Notices and comments can
be sent to**
Tilkynningar og ábendingar má
senda á

My e-mail
Tilboðspóstfang mitt

**Foreign tax identification
number (TIN)**
Lífland skattkennitala

**Your address abroad (or your
representative in Iceland)**
Heimilisfang þitt erlendis (eða
umboðsmáður á Íslandi)

Tax re

Simpl

Filling out the form -

- Income and other work related payments**
State here employers' name and total income
without any deductions. Income in this regard is
all work related payments.

Launamál = Summary of Income earned

- Car allowance, Per diem payments, Fringe benefits**
If employee used his car for his employers benefit and
was paid car allowance, it shall be listed under 22. If
employee received per diem payments for occasional
work related travelling, it shall be listed under 23. If the
employer supplied the employee with a car for
personal use, it shall be listed under 134. Any other
fringe benefits, such as meals, clothes and housing
shall be listed under 135.
- Other income**
State here all other income, incl. reimbursement from
pension fund upon departure.



Launagreiðendur sem þess óska geta fengið send framtöl fyrir sína starfsmenn ásamt leiðbeiningum með því að hafa samband í síma

563-1220

Framtalseyðublaðið ásamt leiðbeiningum má fá á eftirfarandi tungumálum:

Ensku
Pólsku
Spænsku

Pýsku
Frönsku
Kínversku
Rússnesku

13

Return
simplified

Instructions

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
DIRECTORATE OF INTERNAL REVENUE

RSK Please note: You can not save a filled out copy of the tax return on your computer. You must print out a copy in order to keep one.

Tax return | simplified

Intended for individuals living in Iceland for less than three years. On back page see explanations and directions. Please note that couples and those with dependent children must fill RSK 3.07. The same applies to owners of real estate, seafarers, clerics and self-employed individuals.

Name: _____ Municipality: _____

Address: _____ Income year 20____ Separate tax return (to be filed for each calendar year)

DURATION OF STAY IN ICELAND

Date of arrival in Iceland if in Iceland year: _____ Date of departure from Iceland if in Iceland year: _____ The calendar year: _____

1 Salary and other employment related payments

Employer's name	Employer's identification number	Salary	Other payments	Other benefits	Other

2 Car allowance, Per diem payments, fringe benefits

Car allowance	Per diem payments	Other fringe benefits	Other

3 Other income

Other income	Other

4 Dividends

Dividends	Other

5 Tax bases for income taxes

Tax base for income taxes	Sum of 1-4

6 Taxes withheld at source

Taxes withheld at source	Sum of 5

7 Calculation of seaman's credit

Seaman on boats 20 tons brutto or over	Seaman on boats under 20 tons brutto
Seaman's salary	Seaman's salary
Days at sea	Days at sea

8 Status/balance in savings and bank accounts

Interest income	Debit

RSK 3.13 For instructions on back page

Bank account
Write the name of your bank in Iceland, the bank number, account type, account number and your E-mail.

Bank account

Name of bank: _____ Bank number: _____ Account type: _____ Account number: _____ E-mail: _____

Tax return - Back page

- 4 Deductions**
In 162 state deductible premiums to a pension fund max 4% of income stated in 21. Additional payments into voluntary pension funds shall be stated under 160. Please note that the total deduction sum from 162 and 160 may not exceed 8% of total salary. Deduction of car allowance according to RSK 3.04, shall be listed under 32. Deduction of per diem payments according to RSK 3.11, shall be listed under 33.
- 6 Taxes withheld at source**
Taxes withheld by the employer and are stated on the summary of income earned (summenátt), shall be listed under 296.
- 7 Filing for seaman's credit**
Seaman's salary on boats 20 tons brutto or over shall be filed under 317 and the number of days at sea under 291. Seaman's salary on boats under 20 tons brutto shall be filed under 318 and the number of days at sea under 292. This information shall be transferred from RSK 3.13 which shall be filed with the tax return.
- 8 Status/balance of savings and bank accounts**
State here status of savings and bank accounts. Taxes withheld must be filed under 301, interest income in 312 and status in 11.

Tax return Front page

Dictionary on back page

Skilað á vefnum www.skattur.is, almenna framtalið - RSK 1.01

Ef launagreiðandi tekur að sér að aðstoða starfsmann við að telja fram á netinu þarf hann að hafa í höndum veflykil starfsmannsins, sem starfsmaðurinn hefur fengið sendan í pósti. Mikilvægt er, til að tryggja réttan útreikning á persónuafslætti, að þeir sem komu hingað til lands á síðasta ári geri grein fyrir komudegi til landsins í athugasemdadálk skattframtalsins.

Skil á netinu eru enn sem komið er einungis möguleg með því að nota almennu útgáfuna á skattframtalinu RSK 1.01, þ.e. á íslensku.

Skilað á pappír, almenna framtalið á ensku - RSK 1.10

Þeir sem uppfylla ekki skilyrðin varðandi einfaldaða skattframtalið sem fjallað er um hér að framan, en kjósa að nota almenna skattframtalið með enskum texta, geta nálgast þá útgáfu á www.rsk.is, en hvorki er hægt að fylla það skattframtal út á netinu né skila því rafrænt, einungis er hægt að skila því á pappír til skattstjóra.

Framtalsfrestur - framtalsskil fyrir brottför

Mikilvægt er að þeir, sem dvalið hafa hér á landi tímabundið, skili skattframtali til skattstjóra áður en þeir yfirgefa landið, til að tryggja rétta álagningu opinberra gjalda. Fari dvölin yfir áramót skal skattframtali skilað í framtalsfresti vegna tekna hér á landi næstliðið ár, en skattframtali skal síðan skilað ekki seinna en viku fyrir brottför vegna tekna á brottflutningsári.

Veflykill - þjónustusiður

Þá er rétt að benda á að þeir sem hafa flutt af landi brott fyrir 31. desember geta sótt um veflykil á www.skattur.is. Þeir geta notað veflykilinn til að sækja upplýsingar um álagninguna á þjónustusiðu ríkisskattstjóra. Þeir sem voru komnir með varanlegan veflykil fyrir brottflutning þurfa ekki að sækja um nýjan. Athugið að þeir sem ekki eru með íslenskt heimilisfang fá ekki sendan álagningarseðil.

Uppgjör og álagning - ofgreidd staðgreiðsla

Vert er að benda á mikilvægi þess að gefa greinargóðar upplýsingar um bankareikning á Íslandi eða umboðsmann framteljanda á Íslandi, þannig að skattyfirvöld geti komið til skila inneign sem kann að myndast við álagningu opinberra gjalda vegna ofgreiddrar staðgreiðslu. Álagning fer fram í ágúst árið eftir tekjuárið.

